

TIL: Bæjarráð Garðabæjar

ÚTI

INNI

A R K I T E K T A R

DAGS: 15.05.15

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKT FAÍ
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKT FAÍ

ÞINGHOLTSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
Sími 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
E-mail ui@ui.is WWW.ui.is

m i n n i s b l a ð

VARÐAR: Urriðaholtsskóli -. 1. Áfangi Útboð 02 - Uppsteypu húss

Unnið hefur verið að heildarhönnun væntanlegrar skólabyggingar undanfarna mánuði, ásamt því að undirbúa útboð á verklegum framkvæmdum við uppbyggingu 1. áfanga. Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við skipaða verkefnisstjórn á vegum bæjarins. Auk þess starfa með hönnuðum tveir rýnihópar skólafólks. Fyrirliggjandi tillaga hefur verið kynnt í Leikskólanefnd, Skólanefnd og í Bæjarráði.

Urriðaholtsskóli í Urriðaholtshverfi (vestur) í Garðabæ mun fullbyggður hýsa sambyggðan grunn- og leikskóla ásamt tilheyrandi íþróttamiðstöð með sundlaug (kennslulaug) og íþróttasal eins og áður hefur komið fram. Alls er gert ráð fyrir um 640 nemendum við skólann. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að byggingin gegni hlutverki samfélagsmiðstöðvar fyrir Urriðaholtshverfið utan skólatíma. Heildarstærð verði um 10-11 þús. fermetrar.

Framkvæmdum við byggingu skólans verður skipt í a.m.k. 3 byggingaráfanga. 1. og 2. áfangi verði skólabyggingin (grunn- og leikskóli) en 3. áfanginn verði íþróttamiðstöðin með tilheyrandi aðstöðu.

Framkvæmdum við 1. áfanga byggingarinnar verður skipt í a.m.k. þrjú útboð, auk jarðvinnunnar sem lokið er að mestu.

Fyrst útboð á uppsteypu byggingarinnar sem fyrirhugað er að auglýsa 24. maí n.k. Framkvæmdir við þann áfanga gætu þá hafist síðla júnímánaðar n.k.

Þar næst, á haustmánuðum, verði boðin út frágangur að utan og lokun hússins þ.e.a.s. einangrun og klæðning útveggja ásamt framleiðslu og ísetningu glugga og hurða utanhúss.

Að lokum verði boðin út frágangur innanhúss þ.e.a.s. lagnir, loftræsing, milliveggir, innréttingar, innihurðir og annað sem tilheyrir lokafrágangi skólans. Hluti skólalóðar þ.e. leikskólalóð aðkoma og bílastæði að sunnan verði jafnframt boðin út samhliða.

Gert er ráð fyrir að hefja kennslu í hluta 1. áfanga síðla árs 2016. Umfang lokafrágangs áfangans ræðst þó af uppbyggingu í Urriðaholti og hvernig tilflutningur fólks í hverfið verður m.t.t. fjölda nemenda á leik- og grunnskólaaldri á næstu mánuðum.

Fyrirhugaður 1. áfangi sem nú verður boðin út er alls um 5230 gólffermetrar. Jarðahæð um 2675 m², efri hæð um 1955 m² og kjallari og tilheyrandi geymslur og tæknirými um 600 m². Í þeim áfanga er 6 deilda leikskóli, 6 heimakennslusvæði, upplýsingartækniver (bókasafn) og stjórnunarrými (skrifstofur og starfsmannaðstaða).

Í þessum fyrsta framkvæmdaáfanga verður boðin út efni og vinna við uppsteypu hússins þ.e. steyphtar undirstöður, sökklar og grunnplata, allir steyptir út- og innveggir ásamt gólf- og þakplötum. Auk þess tilheyrir þessum verklið lagnir í grunn og þær lagnir sem innsteyphtar eru.

Gert ráð fyrir að þessum framkvæmdaáfanga verði lokið snemma árs 2016.

Kostnaðaráætlun og -greining munu birtast í kjölfar útboðsáætlunar hönnunarteymis og frumáætlunar vegna næstu útboða.

f. h. Úti og Inni arkitekta og hönnunarteymis skólans

Baldur Ó. Svavarsson arkitekt FAÍ, SAMARK.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026